

Atvinnuvegaráðuneytið
-skrifstofa auðlindamála

Sent í gegnum umsagnargátt Alþingis

Reykjavík 3. apríl 2025

Efni: Umsögn um mál nr. S-62/2025 - Drög að frumvarpi um breytingar á lögum nr. 145/2018 um veiðigjald

Starfsgreinasamband Íslands (SGS) styður sanngjarna gjaldtöku vegna afnota af hvers kyns auðlindum í eigu þjóðarinnar.

SGS lýsir þó áhyggjum af því að fyrirhugaðar breytingar á lögum um veiðigjald, nr. 145/2018 séu ekki nægilega ígrundaðar enda eru þær kynntar með skömmum fyrirvara, án mikils samráðs og án þess að fyrir liggi ítarleg greining á hagrænum og félagslegum afleiðingum þeirra á sjávarbyggðir, starfsöryggi og kjör þeirra sem starfa í greininni.

Áhyggjur SGS beinast einkum að áhrifum fyrirhugaðra breytinga á byggðalög víða um land þar sem sjávarútvegur hefur skapað tryggja atvinnu og búsetu. Tryggja þarf að breytingarnar valdi ekki aukinni samþjöppun í greininni og fækkun starfa samhliða. Þá þarf að tryggja framboð hráefnis fyrir vinnslu innanlands og setja hömlur á útflutning óunnins afla. Verði það ekki gert munu fyrirhugaðar breytingar ógna starfsöryggi fiskvinnslufólks og þeirra sem vinna afleidd störf tengd greininni. Byggðafesta er ekki eingöngu hagur landsbyggðarinnar heldur landsins alls.

SGS hvetur til þess að rýmri tími verði gefinn til samráðs við hagaðila og að fram fari ítarleg áhrifagreining vegna fyrirhugaðra breytinga.

Virðingarfyllt,


Björg Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri SGS